

Fundargerð skólaráðs Grunnskóla Borgarfjarðar

14. október 2020

Mættir: Helga Jensína, Þórunn Jóna, Auður Helgadóttir, Sigríður Arnardóttir, Sigurður Örn, Kristín Jónsdóttir, Sóley Baldursdóttir, Sigríður Sjöfn.

Fundurinn haldinn á Teams vegna ástands í þjóðfélaginu af völdum covid19.

1. Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir.

Í skólaráði veturinn 2020-21 eru:

Helga Jensína Svavarsdóttir skólastjóri, formaður
Þórunn Jóna Kristinsdóttir fulltrúi starfsmanna (á 2. ári)
Auður Helgadóttir fulltrúi kennara (á 2. ári)
Sigríður Arnardóttir fulltrúi kennara (á 2. ári)

Sigurður Örn Davíðsson fulltrúi nemenda (á 1. ári)
nafn fulltrúi nemenda, sem eftir að kjósa (á 1. ári)

Kristín Jónsdóttir, foreldri Hvanneyri (á 1. ári)
Sóley Baldursdóttir, foreldri Kleppjárnsreyki (á 1. ári)
Sigríður Sjöfn, foreldri á Varmalandi (á 1. ári)

2. Farið yfir hlutverk skólaráðs.

Farið yfir reglugerð um skólaráð við grunnskóla. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

Skólaráð Grunnskóla Borgarfjarðar er skipað auk skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks skólans, tveimur fulltrúum nemenda og þremur fulltrúum foreldra, einum frá hverri deild. En skólaráði nýtir sér ákvæði um að í stað fulltrúa frá grenndarsamfélagi megi vera auka fulltrúi frá foreldrum.

Verkefni skólaráðs er að taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um skólahlald.

Samkv. 2 gr.: Skólaráð:

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahlaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Starfsáætlun.

Fjórir fundir eru fastsettir á skólaárinu en kallað er til fundar aukalega ef þurfa þykir.

Fundir/staðsetning	tímabil	Viðfangsefni funda
Fyrsti fundur vetrar	október	Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs og drög að starfsáætlun þess. Upphaf skólaárs rætt. Starfsáætlun GBF 2019- 2020 lögð fram til samþykktar. Ársskýrsla og sjálfsmatskýrsla 2018-2019 lögð fram.
Annar fundur vetrar	janúar	Kynning á fjárhagsáætlun fyrir næsta skólaár og þeirri vinnu sem fram hefur farið og henni tengjast. Annað er tengist skólastarfinu.
Þriðji fundur vetrar	mars	Ýmis mál er tengjast skólastarfinu Upphaf skóladagatals fyrir árið 2021-2022 kynnt.
Fjórdi fundur vetrar	maí	Farið yfir starfsmannaþörf fyrir næsta skólaár og breytingar ef einhverjar eru. Nemendaráð kölluð til fundar.

Ef þörf krefur er skólaráð kallað saman til aukafunda.
Fundargerðir skólaráðs eru vistaðar á vef skólans.

3. Upphaf skóla rætt.

Rætt um upphaf skólastarfs. Starfið fór vel af stað og gengur almennt vel. Allir skólaráðsfulltrúar voru sammála um það hver frá sínu hlutverki séð.

Skólastjóri sagði frá þemadögum, morgungöngum og fleiri verkefnum sem hafa verið í haust.

Heimsfaraldur kórónuvíruss covid19 hefur sett strik í reikninginn en kennarar og starfsmenn sammála um að það gangi vel að halda óbreyttu skólastarfi. Í þessari viku er skólanum skipt í sóttkví og enginn samgangur á milli deilda nema dagur líði á milli.

4. Starfsáætlun lögð fram til umsagnar.

https://www.gbf.is/wp-content/uploads/2020/10/GrunnskoliBorgarfjardar_Starfsaaetlun2020-21.pdf

Farið var yfir starfsáætlun og þættir hennar ræddir.

Fulltrúi foreldra spyr um forvarnarstefnu og hvort það væri eitthvað sérstakt tekið fyrir á hverju ári. Umræður um þær spurningar og niðurstaðan sú að það eru fastir punktar hjá ákveðnum bekkjum eins og kemur fram í starfsáætlun. Forvarnarhópur Borgarbyggðar er með reglulega fundi og skipuleggur dagskrá auk þess sem unnið er með forvarnir á forvarnardaginn. Annars er í ár starfshópur um forvarnir gegn einelti en það hefur ekki verið venjan að setja ákveðin mál á dagskrá. Eitthvað sem má skoða.

Fulltrúi foreldra spyr um áherslur hjá Nemendafélaginu og hvort það sé vel haldið utan um þau. Fulltrúi nemenda sagði svo vera. Í vetur er eitt sameinað nemendafélag. Kennari í 20% stöðu vinnur með þeim, aðstoðar þau við skipulag og hefur umsjón með fundum. Rætt var um hvernig aðkoma nemenda að ákvörðunartöku og stefnumótun í skólastarfi og forvörnum væri háttað.

Umsögn skólaráðs um starfsáætlun:

Skólaráð hefur farið yfir starfsáætlun skólans. Bent er á að æskilegt sé að fram komi hvernig aðkoma nemendafélags skólans er að stefnumörkun skólastarfs og forvarna. Annars er almenn ánægja með starfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021.

5. Ársskýrsla og sjálfsmatskýrsla kynntar.

Ársskýrsla: https://www.gbf.is/wp-content/uploads/2020/08/ArsskyrslaGBf_2019-2020.pdf

Sjálfsmats skýrsla: https://www.gbf.is/wp-content/uploads/2020/08/SjalfsmatsskyrslaGBf_2019-2020.pdf

6. Önnur mál.

Sagt frá því að ferð ferð 9. bekkjar í Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni hefur verið aflýst þetta árið. Við vonumst hins vegar til að geta bætt krökkunum þetta upp með 10. bekkjar ferð í staðin.

Borgarbyggð – Barnvænt samfélag – rætt um verkefnið og sagt frá því að skólinn ætlar að skoða að taka þátt í verkefni Unicef Barnvænn skóli. Það hefur ekki náðst að ræða það inn í starfsmannhópinn.

Rætt um hlutverk skólaráðs og hvaða möguleika fulltrúar skólaráðs hafa til að hafa áhrif á skólaráð.

Bent var á lestur handbókar um skólaráð á heimasíðu Heimilis og skóla.

<http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>

Fulltrúar í skólaráði hvattir til að koma með tillögur og ábendingar sem geta haft áhrif á stefnumótun skólans.